# BÚRFELLSVIRKJUN í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
## Deiliskipulagsbreyting




Gildandi deiliskipulag fyrir Búrfellsvirkjun í mkv. 1:5.000. Rauður rammi sýnir svæði sem breytingin tekur til.




Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 með síðari breytingum, mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

- Lóðir iðnaðar
- Byggingareitir
- Byggingareitir vinnubúða
- Hnit byggingareita í ISN2004
- Háspennulínur og helgunarsvæði
- Rafstrengur
- Vatnsveita
- Efnislosunarsvæði
- Gönguleið
- Göngu- og reiðleið
- Stofnvegur
- Aðrir vegir opnir allri umferð
- Vinnuvegur
- Slóðir (línuvegir, veiðislóðir o.fl.)
- Svæði á náttúruminjaskrá, hverfisverndarsv.
- Friðlýstar fornminjar, nr. skv.fornleifaskrán.
- Fornminjar aðrar, nr. skv.fornleifaskráningu
- Útsýnisstaður
- Skipulagssvæði




Breytt deiliskipulag fyrir Búrfellsvirkjun í mkv. 1:5.000.

KORTAGRUNNAR
IS50v frá Landmælingum Íslands
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf
Hnit eru í ISN2004

SKIPULAGSGÖGN
Gildandi deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:5.000.
Breyttur deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:5.000.
Gildandi deiliskipulagsuppdráttur fyrir námu við Ísakot í mkv. 1:10.000.
Breyttur deiliskipulagsuppdráttur fyrir námu við Ísakot í mkv. 1:10.000.
Greinargerð og umhverfisskýrsla.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann ____________

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

_______________________________________

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B deild Stjórnartíðinda þann __________

**GREINARGERÐ**

**1. INNGANGUR**
Gildandi deiliskipulag fyrir Búrfellsvirkjun var unnið af Steinsholti sf, dagsett í september 2015 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda meðauglýsingu nr. 51, dags. 27. jan. 2016.
Staðfestar hafa verið tvær breytingar á deiliskipulaginu, ein dagsett í mars 2016, (auglýsing nr. 312 í B-deild Stjórnartíðinda, dags. 14.04 2016) og önnur í mars 2017. Auk þess sem minni háttar breyting skipulags er samþykkt í janúar 2018 og er á leið í auglýsingu í Stjórnartíðindum. Þar er legu jarðstrengs breytt og gert ráð fyrir nýju vatnsbóli og vatnslögn frá því.
Sú breyting, sem hér er lögð fram, er skv. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin sýnir breytta aðkomu að Búrfellsskógi og svæðinu sunnan frárennslisskurðar. Þá breytist göngu- og reiðleið til samræmis við breytta vegtengingu. Samhliða er felldur út og vinnuvegur sem lá yfir frárennslisskurð. Breytingin er sett fram á uppdrætti og greinargerð. Í umhverfisskýrslu er m.a. horft til mögulegra umhverfisáhrifa (kafli 3). Að öðru leyti gildir deiliskipulag sem dagsett er í september 2015, með síðari breytingum.

**2. BREYTT DEILISKIPULAG**
Breyting deiliskipulags tekur til uppdráttar og greinargerðar.

**Gildandi skipulag**
Gert er ráð fyrir brú yfir frárennslisskurð þar sem vegur ásamt göngu- og reiðleið í Búrfellsskóg og inn á svæðið sunnan og vestan Búrfells var áætluð.
Vinnuvegur lá suður yfir frárennslisskurð, í geymslu fyrir sprengiefni, sem byggð var sunnan frárennslisskurðar.

**Breyting skipulags**
Gert er ráð fyrir að breytt leið fylgi núverandi vegi upp undir munna aðkomugangna þar sem ekið er að nýju stöðvarhúsi. Af þeim vegi liggur leiðin austur og upp fyrir fyrir munna frárennslisganga og suður melana meðfram frárennslisskurði og inn á núverandi leið suður með Búrfelli. Samhliða breytist göngu- og reiðleið, sem fylgja mun breyttri veglínu í Búrfellsskóg. Við þessar breytingar munu leiðir lengjast nokkuð.
Felldur verður út vinnuvegur yfir frárennslisskurð. Í gildandi deiliskipulagi er tekið fram að vinnuvegir verði nýttir á framkvæmdatíma en við lok framkvæmdar verða þeir vegir fjarlægðir sem ekki nýtast fyrir rekstur virkjunarinnar.

**3. UMHVERFISÁHRIF**
Í gildandi skipulagi var gert ráð fyrir að brúa frárennslisskurð nokkru neðan við frárennslismunna. Þar átti vegur sem og göngu- og reiðleiðað liggja til suðurs, allt suður í Búrfellsskóg.
Breytt staðsetning austur og upp fyrir frárennslisgöngin lengir leiðina um allt að 1700m. Leiðin mun liggja skammt neðan birkisvæðis í hlíðum Skálafells og mun hvorki raska því né öðru skóglendi.
Sýnileiki leiðarinnar verður einhver, sérstaklega í sneiðingi við frárennslisgangnamunna. Þó ber að líta til þess að leiðin liggur beggja vegna frárennslisskurðar og er því á röskuðu svæði. Að öðru leyti er leiðin að miklu leyti staðsett á melum og sýnileiki hennar lítil. Land umhverfis leiðina er lítt gróið en þó uppgrætt svæði sunnan frárennslisskurðar og mun leiðin liggja um það svæði. Til mótvægis verður núverandi gróðurþekja tekin til hliðar á meðan vegurinn er lagður og hún endurnotuð við að aðlaga fyllingar og skeringar á sem bestan veg.

Í gildandi skipulagi var gert ráð fyrir brottnámi vinnuvegar yfir frárennslisskurð að framkvæmdum loknum og sú breyting hefur því ekki teljandi áhrif.

**Niðurstaða**
Gróður skerðist lítið og sjónræn áhrif eru takmörkuð, sérstaklega í ljósi heildarframkvæmda á svæðinu. Leiðin inn í Búrfellskóg lengist nokkuð en ekki er gert ráð fyrir mikilli umferð suður með Búrfelli. Auk þess mun leiðin verða, líkt og nú er, mest nýtt af ferðafólki sem sjaldnast er á mikilli hraðferð. Aðrar breytingar deiliskipulags eru til samræmis við áform í gildandi deiliskipulagi.

STEINSHOLT

BÚRFELLSVIRKJUN
Deiliskipulagsbreyting

| | | |
|---|---|---|
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8720 DA164E | Dags: 30.01.2018 |
| | Mkv: 1:5.000 | Breytt: |
| | Blaðstærð: A1 | |
| Hannað: GG, ÁJ, IS<br>Teiknað: IS | Samþykkt: | TILLAGA |